



YFIRLIT ÁRSINS 2018

FLUGSVIÐ




Efnisyfirlit

TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS	3
TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU	4
RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU	6
NEFNDARFUNDIR	8
TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT	9
ERLENT SAMSTARF 2018	12
BANASLYS	14
OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2018	16

TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS

Á árinu 2006 tók gildi reglugerð um aukna tilkynningaskyldu atvika í flugi. Árið 2007 var fyrsta árið eftir gildistöku hennar og bárust 554 tilkynningar það ár. Atvik eru tilkynnt til Samgöngustofu og fær flugsvið RNSA afrit af þeim í þeim tilgangi að ákveða hvort eitthvert þeirra flokkist sem alvarlegt og skuli því tekið til rannsókna. Vakin er athygli á því að stundum berast RNSA fleiri en ein tilkynning um sama atvikið og skýrir það m.a. hvers vegna RNSA mælir fleiri tilkynningar en Samgöngustofa. Tilkynnt atvik til Samgöngustofu eru greind þar og nýtast meðal annars í úttektum og öðru eftirliti.

Á árinu 2018 bárust flugsviði RNSA alls 2984 tilkynningar um flugatvik, alvarleg flugatvik og flugslys. Er þetta talsverð fjölgun frá gildistíma reglugerðarinnar eða rúmlega fjórum sinnum fleiri en frá árinu 2007. Á myndinni hér að neðan má sjá fjölgun tilkynninga á árunum 2009 til 2018.



Þess ber að geta að aukning á fjölda tilkynninga má ekki endilega rekja til þess að öryggi í flugi sé að rýrna heldur frekar að tilkynningarskildir aðilar eru duglegri að tilkynna en áður ásamt aukningu flugumferðar.


TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU

Flugsvið RNSA skoðaði 37 mál af þeim 2.984 atvikum sem tilkynnt voru og skráði 19 þeirra sem alvarleg flugatvik og tók þau til formlegrar rannsóknar. Á árinu 2018 var **ekkert mál skráð sem flugslys** og verður að teljast nokkuð sérstakt þar sem það hefur ekki gerst síðan 1969. Átján mál reyndust minniháttar mál og voru endurskilgreind sem slík og ekki rannsökuð frekar. Á töflunni hér að neðan má sjá yfirlit skráðra mála hjá flugsviði RNSA á árinu 2018.

Málsnúmer	Flokkun	Heiti	Skráning	Tegund	Staður	Dags
18-006F001	Minniháttar mál	Declares emergency due to IDG & APU failure	TF-ISZ	Boeing 757-200	Enroute to CPH	9.1.2018
18-007F002	Alvarlegt flugatvik	Brautarátroðningur	N525FF	Cessna Citation	BIRK	11.1.2018
18-010F003	Minniháttar mál	Óáreiðanlegar hraðaupplýsingar	TF-FIK	Boeing 757-200	BIKF	1.7.2018
18-012F004	Alvarlegt flugatvik	Hreyfill missti afl	TF-IFE	Technam P2002-JF	BIRK	19.1.2018
18-019F005	Minniháttar mál	Aborted approach to BIAR and divert to BIRK	SP-ENV	Boeing 737-800	BIAR	19.1.2018
18-022F006	Alvarlegt flugatvik	Missti afl á mótör og nauðlenti	TF-FAD	Piper PA-38-112	BIHU	18.2.2018
18-025F007	Alvarlegt flugatvik	Brautarátroðningur	TF-ORD	British Aerospace JetStream 3102	BIRK	9.2.2018
18-034F008	Alvarlegt flugatvik	Rann útaf akbraut	TF-FIV	Boeing 757-200	BIKF	10.3.2018
18-046F009	Minniháttar mál	Reykur eftir flugtak	TF-TBO	Cessna 305C	BIRK	23.3.2018
18-049F010	Alvarlegt flugatvik	Árekstrarhætta	TF-TWO / TF-IFB	Textron 150L / Technam P2002-JF	Við Langavatn	29.3.2018
18-057F011	Minniháttar mál	Flugfreyja slasaðist á putta á flugi	TF-FIS	Boeing 757-200	Á flugi SEA-KEF	12.4.2018
18-084F012	Alvarlegt flugatvik	Nefgír brotnar í landingu	TF-KFF	Diamond DA-20	BIKF	31.5.2018
18-085F013	Alvarlegt flugatvik	Hlektist á í landingu í snjó	TF-API	Textron 152	Kinnarfjöll	1.6.2018
18-096F014	Minniháttar mál	Hjólástall sett niður með varakerfi	TF-FXH	Bombardier DHC-8-200	BIRK	18.4.2018
18-099F015	Minniháttar mál	Cabin crew injury during turbulence	TF-FIO	Boeing 757-200	Á flugi KEF-MUC	6.6.2018
18-100F016	Minniháttar mál	Cabin crew injury when trolley fell on feet	TF-FIK	Boeing 757-200	Á flugi KEF-BOS	28.5.2018
18-101F017	Minniháttar mál	Nauðlenti vegna reyks	TF-IFD	Technam P2002-JF	Sandskeið	12.6.2018
18-104F018	Alvarlegt flugatvik	Dekk sprakk í flugtaki og olli skemmdum	EI-FHD	Boeing 737-800	BIKF / Birmingham	16.6.2018
18-105F019	Minniháttar mál	Rak niður stél í landingu	TF-KFC	Diamond DA-40	BIKF	15.6.2018
18-106F020	Alvarlegt flugatvik	Hlektist á í flugtaki	TF-ASK	ICP Savannah S	Fisflugvælinum við Úlfarsárfell	16.6.2018
18-107F021	Alvarlegt flugatvik	Mistök í samsetningu	TF-HDH	Airbus EC130B4	BIAR	15.6.2018
18-110F022	Minniháttar mál	Slekkur á hreyfli vegna vibration og divertar	TF-FIH	Boeing 757-200	Glasgow	8.7.2018
18-111F023	Minniháttar mál	Mótör ofhitnaði eftir flugtak og lent aftur	TF-167	V-fun Skyranger	Fisflugvælinum á Hólmsheiði	4.7.2018
18-114F024	Minniháttar mál	Fire indication in aft cargo hold and diverted	N758AN	Boeing 777	BIKF	10.7.2018

18-124F025	Minniháttar mál	Cabin crew injury in turbulence	TF-FIO	Boeing 757-200	Á flugi KEF-LGW	13.7.2018
18-125F026	Alvarlegt flugatvik	Missti mótör og nauðlenti	TF-FFH	Piper PA-28R-201T	Sandskeið	18.7.2018
18-137F027	Alvarlegt flugatvik	Hlekkist á í flugtaksæfingu	TF-FAD	Piper PA-38-112	BIAR	21.7.2018
18-140F028	Minniháttar mál	Smávægileg mótörvandamál	N2418W	Piper PA-46T	20 NM suðaustur af Vestmannaeyjum	23.7.2018
18-141F029	Alvarlegt flugatvik	Hlekkist á í landingu	TF-JON	KZ-VII-U4	Sandskeið	24.7.2018
18-150F030	Alvarlegt flugatvik	Missti olíubrýsting	TF-FXA	Bombardier DHC-8-400	BIRK	9.8.2018
18-154F031	Minniháttar mál	Rak niður loftskrófu þegar hægra framdekk fór í holu í taxi	TF-KAY	Piper PA-18-150	Hvalfirði	20.8.2018
18-170F032	Alvarlegt flugatvik	Cabin Crew Illness	TF-ISK	Boeing 757-200	á flugi	9.8.2018
18-171F033	Alvarlegt flugatvik	Hlekkist á í landingu	TF-149	Avid Flyer	Við Skáldalæk	31.8.2018
18-172F034	Minniháttar mál	Missti hydraulic pressu á 1 af 3 kerfum eftir landingu	EDG48	Gulfstream IV	BIKF	16.9.2018
18-199F035	Alvarlegt flugatvik	Missti olíubrýsting	TF-WIN	Airbus 321	BIKF	2.11.2018
18-207F036	Alvarlegt flugatvik	Árekstrarhætta	TF-FMS / TF-IFB	Textron B200 / Technam P2002-JF	BIRK	26.11.2018
18-216F037	Minniháttar mál	Nose Landing Gear steering failure after takeoff	C-GMCP	Learjet 45	BIKF	18.12.2018

Fjöldi mála sem tekin hafa verið til rannsóknar á síðustu 10 árum.



RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU


Á árinu 2018 lauk flugsvið RNSA alls 41 máli. Þar af var 6 málum lokið með útgáfu á lokaskýrslu, 14 málum var lokað með bókun og 21 mál voru skilgreind sem atvik og ekki rannsökuð nánar.

Málsnúmer	Heiti	Afgreiðsla	Opnað	Lokað
M-01014/AIG-07	TF-150 á Löngufjörum	Skýrsla	7.6.2014	31.5.2018
M-01514/AIG-12	G-BYLP lýsir yfir neyðarástandi til BIEG	Skýrsla	4.7.2014	22.2.2018
M-02814/AIG-20	TF-ROD loftskrúfa brotnaði á flugi	Lokað með bókun	12.8.2014	22.3.2018
M-03614/AIG-27	OY-HIT and TF-FGB near miss during takeoff and landing at BIRK	Skýrsla	15.11.2014	1.11.2018
2015-055-F-006	TF-REX brotlenti í sjó	Skýrsla	11.5.2015	31.5.2018
2015-075-F-021	N610LC flugslys í Barkárdal	Skýrsla	9.8.2015	21.6.2018
17-024F006	TF-FTO flökt á hæðastýri	Skýrsla	8.3.2017	29.11.2018
17-077F016	TF-KAX stékkastaðist í landingarbruni	Lokað með bókun	11.6.2017	18.10.2018
17-108F017	TF-WIN Incapacitation	Atvik - Minniháttar	9.7.2017	22.3.2018
17-136F023	TF-FTZ og TF-PIA rákust saman á flugi vestan Langjökuls	Lokað með bókun	5.9.2017	22.3.2018
17-140F025	HA-LPK eldur um borð frá rafrettu og nauðlenti á BIKF	Lokað með bókun	13.9.2017	4.10.2018
17-151F026	TF-HDI og TF-IFA flugumferðaratvik suður af Hellu	Lokað með bókun	13.10.2017	18.10.2018
17-152F027	TF-IFB Hreyfill missti afl í flugtaki	Lokað með bókun	13.10.2017	18.10.2018
17-173F028	TF-FGB og TF-CAB flugumferðaratvik við BIRK	Lokað með bókun	28.11.2017	22.3.2018
17-177F032	LWG92 neyðarástandi lýst yfir og svo afturkallað á leið til BIRK	Atvik - Minniháttar	26.12.2017	2.1.2018
17-178F033	TF-PAC fór út af braut í landingu á fisflugvellingum við Úlfarsárfell	Atvik - Minniháttar	31.12.2017	13.6.2018
18-006F001	TF-ISZ declares emergency due to IDG & APU failure enroute to CPH	Atvik - Minniháttar	9.1.2018	18.1.2018
18-010F003	TF-FIK Óáreiðanlegar hraðaupplýsingar	Atvik - Minniháttar	18.1.2018	1.7.2018
18-019F005	SP-ENV Aborted approach to BIAR and divert to BIRK	Atvik - Minniháttar	19.1.2018	13.6.2018
18-022F006	TF-FAD missti afl á mótör og nauðlenti á BIHU	Lokað með bókun	18.2.2018	22.3.2018
18-046F09	TF-TBO reykur eftir flugtak	Atvik - Minniháttar	23.3.2018	3.4.2018
18-057F011	TF-FIS flugfreyja slasaðist á putta á flugi	Atvik - Minniháttar	12.4.2018	16.4.2018
18-084F012	TF-KFF Nefgír brotnar í landingu	Lokað með bókun	31.5.2018	18.10.2018
18-085F013	TF-API Hlektist á í landingu í snjó	Lokað með bókun	1.6.2018	18.10.2018
18-096F014	TF-FXH Hjólastell sett niður með varakerfi á BIRK	Atvik - Minniháttar	18.4.2018	12.6.2018
18-099F015	TF-FIO Cabin crew injury during turbulence	Atvik - Minniháttar	6.6.2018	14.6.2018
18-100F016	TF-FIK Cabin crew injury when trolley fell on feet	Atvik - Minniháttar	28.5.2018	14.6.2018
18-101F017	TF-IFD nauðlenti vegna reyks á Sandskeiði	Atvik - Minniháttar	12.6.2018	14.6.2018

18-105F019	TF-KFC rak niður stél í landingu á BIKF	Atvik - Minniháttar	15.6.2018	28.6.2018
18-106F020	TF-ASK hlekkist á í flugtaki á fisflugvellingum við Úlfarsárfjall	Lokað með bókun	16.6.2018	20.12.2018
18-110F022	TF-FIH slekkur á hreyfli vegna vibration og divertar til Glasgow	Atvik - Minniháttar	8.7.2018	9.7.2018
18-111F023	TF-167 mótór ofhitnaði eftir flugtak og lent aftur á fisflugvellingum á Hólmsheiði	Atvik - Minniháttar	4.7.2018	9.7.2018
18-114F024	N758AN fire indication in aft cargo hold and diverted to BIKF	Atvik - Minniháttar	10.7.2018	10.7.2018
18-124F025	TF-FIO Cabin crew injury in turbulence	Atvik - Minniháttar	13.7.2018	13.7.2018
18-125F026	TF-FFH missti mótór og nauðlenti á flugvellingum við Sandskeið	Lokað með bókun	18.7.2018	20.12.2018
18-137F027	TF-FAD hlekkist á í flugtaksæfingu á flugvellingum á Akureyri	Lokað með bókun	21.7.2018	20.12.2018
18-140F028	N2418W smávægileg mótórvandamál 20 NM suðaustur af Vestmannaeyjum	Atvik - Minniháttar	23.7.2018	25.7.2018
18-141F029	TF-JON hlekkist á í landingu á flugvellingum við Sandskeið	Lokað með bókun	24.7.2018	20.12.2018
18-154F031	TF-KAY rak niður loftskrófu þegar hægra framdekk fór í holu í taxi	Atvik - Minniháttar	20.8.2018	21.8.2018
18-172F034	GLF4 missti hydraulic pressu á 1 af 3 kerfum eftir landingu á BIKF	Atvik - Minniháttar	16.9.2018	19.9.2018
18-216F037	C-GMCP Nose Landing Gear steering failure after takeoff from BIKF	Atvik - Minniháttar	18.12.2018	19.12.2018

NEFNDARFUNDIR

Á árinu 2018 voru haldnir 23 nefndarfundir á flugsviði RNSA og voru alls 29 mál til umfjöllunar. Er þetta á pari við meðaltal síðastliðinna 10 ára, en að meðaltali hafa verið haldnir 23,2 fundir á flugsviði á ári síðustu 10 ár.



Helstu verkefni á nefndarfundum er yfirferð á drögum um lokaskýrslur, meðferð þeirra athugasemda sem gerðar eru við drög ásamt meðferð lokaskýrslna. Þá eru tæknileg atriði rannsókna einnig til umfjöllunar á nefndarfundum.

TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT

Flugsvið RNSA gerði samtals 17 tillögur og/eða tilmæli í öryggisátt á árinu 2018.

Frá árinu 1996 hefur Rannsóknarnefnd flugslysa og nú flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa gefið út að meðaltali 12 tillögur eða tilmæli í öryggisátt á hverju ári eða um eina á mánuði. Tillögur og viðbrögð við þeim má finna á vef Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Tillögur sem gerðar voru á árinu 2018 voru eftirfarandi:

N610LC í Barkárdal þann 9. ágúst 2015:

Ministry of Transport and Local Government:

- It is recommended to the Ministry of Transport and Local Government and to the Ministry of Justice to amend regulation 71/2011, article 15, to include notification to the ITSB when an aircraft is missing.

GBYLP over the East coast of Iceland on 4. July 2014:

The Icelandic Met Office:

- To publish Aviation weather conditions (flugveðurskilyrði) also in English
- To publish instructions (in English) that support pilots on how to use the materials on the Met Office website

Ministry of Transport and Local Government:

- To make the airport at Höfn an airport of entry into Iceland.

OY-HIT og TF-FGB á Reykjavíkflugvelli þann 15. nóvember 2014:

Blue West Helicopter:

- Blue West Helicopter enduskoði verklag sitt til að tryggja að tilkynningar flugslysa og alvarlegra flugatvika á loftförum þess á Íslandi berist án ástæðulausrar tafar til Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Isavia:

- Að Isavia endurskoði verklagsreglur flugumferðarstjóra varðandi heimildar til aksturs í brautarstöðu og heimildar til flugtaks þegar tvær flugbrautir sem skerast eru í notkun.

Tilmæli sem nefndin gaf út á flugsviði voru eftirfarandi:

TF-CAB og TF-FGB í aðflugi að BIRK 28. september 2017:

Til allra flugmanna:

- RNSA bendir flugmönnum í sjónflugi í stjórnðu loftrými á að óska eftir frekari upplýsingum um flugumferð framundan, ef þeir sjá hana ekki.

TF-150 við Löngufjörur á Snæfellsnesi þann 7. júní 2014:

Til allra fisflugmanna:

- RNSA vekur athygli fisflugmanna á að haga umferðarhring í öruggri hæð og bendir á leiðbeiningarefni Samgöngustofu fyrir almannaflyg.

Til allra sem koma að flugslysi:

- RNSA beinir tilmælum til þeirra er koma að flugslysi að fara eftir 21. grein laga um rannsókn samgönguslysa og flytja ekki á brott af slysstað það sem því tengist.

N610LC í Barkárdal þann 9. ágúst 2015:

To all pilots:

- The ITSB wants to remind pilots not to plan or engage in VFR flights on flight routes under IMC.
- The ITSB wants to remind pilots to make thorough weight and balance calculations.
- The ITSB wants to remind pilots to stay within the weight and balance envelope limits given by the aircraft manufacturer, as an aircraft's performance can be considerably degraded if it is overloaded or out of balance.

GBYLP over the East coast of Iceland on 4. July 2014:

To all pilots:

- The ITSB emphasises to pilots in VFR flights to avoid clouds in all circumstances.
- The ITSB emphasises to VFR pilots to contact IMO via telephone (24/7) in case of any doubt of VMC.

OY-HIT og TF-FGB á Reykjavíkflugvelli þann 15. Nóvember 2014:

Til allra þyrluflugrekenda er stunda rekstur tengdum útsýnisflugi á Íslandi:


- Að farþegum sé gert ljóst að þeir megi ekki trufla störf flugmannsins við flugtak né landingu.

- Að flugmenn séu að fullu með athyglina við stjórn flugsins og fjarskiptasamskipti við flugtök og landingar. Einnig að samskiptum við farþega sé haldið í lágmarki á þessum stundum og séu þá einungis ef þörf krefur í tengslum við öryggi þeirra.

Til allra flugmanna:

- Að flugmenn gæti þess að lesa til baka flugbrautarnúmer við móttöku flugtaks- og landingarheimilda.

Eftirfarandi súlurit sýnir samanburð síðustu 10 ára á útgáfu á tillögum í öryggisátt og og tilmælum á flugsviði.



Á árinu 2013 tók flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa við af Rannsóknarnefnd flugslysa sem stofnuð var árið 1996. Sameiginlega hafa þessar stofnanir gefið út samtals 280 tillögur eða tilmæli í öryggisátt frá árinu 1996. Það hafa því verið lagðar fram um 12 tillögur/tilmæli á ári sem stuðla að auknu flugöryggi eða að meðaltali **ein á mánuði í 23 ár**.

ERLENT SAMSTARF 2018

Rannsakendur á flugsviði tóku þátt í Norðurlanda- og Evrópusamstarfi rannsóknarnefnda flugslysa. Að þessu sinni var Norðurlandafundurinn haldinn af RNSA á Íslandi. Eins og undanfarin ár, þá tók flugsvið RNSA virkan þátt í tengslaneti rannsakenda í Evrópu (ENCASIA) en tengslanetið er á vegum Evrópusambandsins. Rannsakandi á flugsviði sótti einnig fund hjá samtökum flugmálayfirvalda í Evrópu (ECAC) sem og hjá Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA).

Rannsakendur á flugsviði sóttu tvær ráðstefnur flugslysarannsakenda, annars vegar í Evrópu (ESASI) og hinsvegar á alþjóðavísu (ISASI). Þess ber að geta að Ísland stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu ISASI á Íslandi árið 2016 og á nú fulltrúa í ráði ESASI.

Tengslanet rannsakenda innan Evrópu (ENCASIA) hefur útbúið flugslysaæfingar minni stofnanna vegna viðbragða þeirra við stórslysi m.a. með tilliti til þess hvernig ríkin eru í stakk búin til þess að bregðast við og rannsaka slík slys. Í maí 2018 var fyrsta æfingin haldin á vegum sambandsins og var hún haldin á Íslandi.

Til viðbótar við innlenda aðila, svo sem starfsfólk og nefndarmenn RNSA, aðstoðarfólk, ISAVIA, Samgönguráðuneyti, lögreglu og Samgöngustofu, sóttu fulltrúar frá rannsóknarnefndum sex erlendra ríkja æfinguna (frá Grikklandi, Lúxemborg, Ítalíu, Kýpur, Bretlandi og Þýskalandi). Umsjón æfingarinnar á Íslandi var undir stjórn rannsóknarnefndar flugslysa í Þýskalandi (BFU).

Að æfingunni komu einnig aðilar frá Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) og rannsakendur frá Noregi og Finnlandi.

Æfingin á Íslandi tókst vel og var sýnt fram á að Ísland hefur sett upp áætlun og er, að mati fulltrúa tengslanetsins, ágætlega í stakk búin varðandi viðbrögð og rannsókn á stórslysi. RNSA er þó líkt og aðrar smærri rannsóknarstofnanir háð aðstoð bæði innanlands og utan. Neðangreint eru ábendingar og niðurstaða æfingarinnar.

The exercise ran very well and the ITSB, and Icelandic State, demonstrated that they had well-rehearsed procedures to deal with a major accident investigation. Their investigation procedures, which are written in Icelandic, were well documented. The ITSB are working on improving their existing English document titled Procedure for Investigating a Major Accident, for use by international parties who assist their investigations.

The ITSB were well prepared and took the opportunity to involve representatives from a wide range of national and international organisations in the exercise. The facilitators were of the opinion that, with the support of other states, the ITSB would be able to conduct an effective and independent major aircraft investigation.

The ITSB were supportive of the EMSS concept and made a commitment to adapt their existing investigation management plan to align with the NIMP. There appear to be no barriers to them achieving this aim.

Æfingin var skrifborðsæfing og í kjölfarið voru samsvarandi æfingar haldnar í Slóveníu og Litháen. Fleiri æfingar eru fyrirhugaðar hjá öðrum Evrópuríkjum á árinu 2019 og á næstu árum.

Þegar flugslys eða alvarleg flugatvik eru tekin til rannsóknar hafa önnur ríki svo sem hönnunarríki, ríki framleiðanda og skráningaríki loftfara, rétt til þátttöku í rannsókninni. Í tengslum við rannsókir sem í gangi voru á árinu 2018 var flugsvið RNSA í samstarfi við erlendar rannsóknarnefndir, svo sem NTSB (Bandaríkin), AAIB (Bretland), TSB (Canada), Havarikommisionen (Danmörk), SHK (Svíþjóð), Onnettomuustutkintakeskus (Finland), BEA (Frakkland), BFU (Þýskaland), TAIIB (Lettlandi), AAIS (Slóvenía), AAIU (Írland), TSB (Ungverjaland) og ANSV (Ítalía).

Í tengslum við námskeið og þjálfun tóku flugslysarannsakendur RNSA þátt í þjálfun fyrir jafningjaskoðun Evrópskra flugslysaneftnda (Peer review) en ENCASIA hefur meðal annars staðið fyrir skoðun rannsóknarneftnda allra Evrópuríkja. Þá sóttu rannsakendur einnig endurmenntunarnámskeið við rannsóknir flugslysa.


Að venju tók flugsvið RNSA þátt í flugslysaæfingu á vegum Isavia, en rannsakandi á flugsviði tók þátt í slíkri æfingu sem haldin var á Húsavík í maí 2018.

BANASLYS

Engin banaslys urðu í flugi á árinu 2018 og er það þriðja árið í röð sem ekki voru banaslys á íslensk skráðu loftfari.


Fimm banaslys hafa verið í flugi á íslensk skráðum loftförum á síðustu 10 árum. Eitt varð árið 2009 þegar einkaflugvél TF-GUN flaug á rafmagnslínu í Selárdal og einn maður lést. Tveir menn létust árið 2012 þegar fis TF-303 var í kennsluflugi, ofreis og fór í spuna á Reykjanesi. Árið 2013 létust tveir menn þegar sjúkraflugvél TF-MYX brotlenti á Akureyri. Þá voru tvö banaslys á árinu 2015. Það fyrra varð þegar N610LC, einkaflugvél af gerðinni DHC-2 Beaver, brotlenti í Barkárdal í ágúst 2015 með þeim afleiðingum að ferjuflugmaður lést og flugmaður slasaðist töluvert. Það síðara varð þegar TF-IFC, kennsluflugvél af gerðinni Tecnam P2002JF brotlenti í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar í nóvember 2015 með þeim afleiðingum að tveir menn létust. Síðast urðu fleiri en eitt banaslys á ári árið 1997.

Alls hafa því átta manns farist í fimm flugslysum á síðustu 10 árum á Íslandi.



Á næstu síðu má sjá fjölda banaslysa á íslensk skráðum loftförum frá upphafi. Þar má meðal annars sjá að á árunum 2001 -2008 voru átta ár samfleytt án banaslysa í flugi á Íslandi. Eins og greint er frá að ofan voru engin banaslys á síðustu þremur árum og að frátöldu átta ára tímabilinu voru síðast þrjú banaslysalaus ár á árunum 1953 – 1955.



Fjöldi banaslysa á ári íslensk skráðum loftförum




OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2018

Í lok ársins 2018 voru 21 mál sem ekki var búið að ljúka og er það fækkun um 3 mál frá fyrra ári. Þar af voru 12 mál frá árinu 2018, 5 mál frá árinu 2017, 3 mál frá árinu 2016 og 1 mál frá árinu 2015.

Þá hefur meðalaldur mála lækkað á milli ára og stendur hann í 1,16 ári við árslok, en meðaltal síðustu 10 ára er 1,27 ár. Nánari upplýsingar um opin mál má sjá á vef RNSA.





Mál Nr	Flokkun	Skráning	Tegund	Staður	Dags	Atvik	Staða máls (sjá Verkerla Flugsviðs)
2015-089-F-026	Flugslys	TF-IFC	Tecnam P2002JF	Kapelluhraun	12.11.2015	Brotlenti	Drög lögð fyrir nefndina
2016-008F003	Alvarlegt flugatvik	757/767	Boeing 757/767	Á flugi	3.2.2016	Cabin Crew Illness	Í rannsókn
2016-052F012	Flugslys	HB-ZOO	AS355	Nesjavelli	22.5.2016	Brotlenti	Í rannsókn
2016-131F022	Alvarlegt flugatvik	TF-ISR	Boeing 757-200	BIKF	19.10.2016	Óstöðugt aðflug	Drög lögð fyrir nefndina
17-018F005	Alvarlegt flugatvik	TF-FIP	Boeing 757-200	Manchester	23.2.2017	Fuel emergency declared at Manchester	Skýrsluskrif í vinnslu
17-042F012	Alvarlegt flugatvik	YL-PSH	Boeing 737-800	BIKF	28.4.2017	Runway excursion	Í rannsókn
17-114F019	Alvarlegt flugatvik	TF-KFG	Diamond DA-20	BIKF	28.7.2017	TF-KFG Hlekkist á í lendingu	Skýrsluskrif í vinnslu
17-116F021	Alvarlegt flugatvik	TF-FHI	Textron 152	Á vegi við Miðfell, austan Þingvalla	3.8.2017	Nauðlenti eftir að hreyfill missti afl	Í rannsókn
17-182F035	Alvarlegt flugatvik	TF-ISN	Boeing 767-300	Á flugi	24.9.2018	Cabin Crew Illness	Í rannsókn
18-007F002	Alvarlegt flugatvik	N525FF	Cessna Citation	BIRK	11.1.2018	Brautarátroðningur	Lokadrög í umsögn
18-012F004	Alvarlegt flugatvik	TF-IFE	Technam P2002-JF	BIRK	19.1.2018	Hreyfill missti afl	Í rannsókn
18-025F007	Alvarlegt flugatvik	TF-ORD	British Aerospace JetStream 3102	BIRK	9.2.2018	Brautarátroðningur	Í rannsókn

18-034F008	Alvarlegt flugatvik	TF-FIV	Boeing 757-200	BIKF	10.3.2018	Rann útaf akbraut	Í rannsókn
18-049F010	Alvarlegt flugatvik	TF-TWO / TF-IFB	Textron 150L / Technam P2002-JF	Við Langavatn	29.3.2018	Árekstrar-hætta	Lokadrög í umsögn
18-104F018	Alvarlegt flugatvik	EI-FHD	Boeing 737-800	BIKF / Birmingham	16.6.2018	Dekk sprakk í flugtaki og olli skemmdum	Í rannsókn
18-107F021	Alvarlegt flugatvik	TF-HDH	Airbus EC130B4	BIAR	15.6.2018	Mistök í samsetningu	Í rannsókn
18-150F030	Alvarlegt flugatvik	TF-FXA	Bombardier DHC-8-400	BIRK	9.8.2018	Missti olíubrýsting	Drög lögð fyrir nefndina
18-170F032	Alvarlegt flugatvik	TF-ISK	Boeing 757-200	á flugi	9.8.2018	Cabin Crew Illness	Í rannsókn
18-171F033	Alvarlegt flugatvik	TF-149	Avid Flyer	Við Skáldalæk	31.8.2018	Hlekkist á í landingu	Í rannsókn
18-199F035	Alvarlegt flugatvik	TF-WIN	Airbus 321	BIKF	2.11.2018	Missti olíubrýsting	Í rannsókn
18-207F036	Alvarlegt flugatvik	TF-FMS / TF-IFB	Textron B200 / Technam P2002-JF	BIRK	26.11.2018	Árekstrar-hætta	Í rannsókn